

## FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

**260. fundur** Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 3. desember 2015 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, Guðjón Loftsson, Hallfríður Ósk Ólafsdóttir, Ragnar Smári Helgason og Árborg Ragnarsdóttir

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Pétur Arnarsson

### Dagskrá:

- 1. Erindi nr. 1512002.** Umsókn frá Minjastofnunar vegna deiliskipulags á Borgarvirki.
- 2. Erindi nr. 1511048.** Umsókn frá Arinbirni Jóhannssyni, fh. Brekkulækjar ehf, um breytingu á hitakerfi vegna tengingar við hitaveitu.
- 3. Erindi nr. 1511050.** Umsókn frá Ingimar Sigurðssyni, Kjörseyri, fh. sjálfseignarstofnunarinnar Hjarðhaga, um heimild til niðurrífs íbúðarhússins að Hrafnadal.
- 4. Erindi nr. 1511045.** Umsókn frá Víglundi Gunnþórssyni, Dæli, vegna breytingar á þjónustuhúsi í gistihús.
- 5. Erindi nr. 1510079.** Umsókn frá Víglundi Gunnþórssyni, Dæli, sem sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á innra skipulagi og útliti gistihúss. Áður á dagskrá á fundi nr. 259. Innkomnar nýjar teikningar.
6. Kynning á tillögu að ferli byggingarmála. Minnisblað lagt fram af byggingarfulltrúa.
7. Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1 frá 25. nóv. 2015 lögð fram.
8. Önnur mál

### Afgreiðslur:

- 1. Erindi nr. 1512002.** Ásta Hermannsdóttir f.h. Minjastofnunar kt. 440113-0280 leggur fram skipulagslýsingu unna af Arnari B. Ólafssyni, Teiknistofu Norðurlands og óskar eftir heimild til að deiliskipuleggja Borgarvirki og næsta nágrenni þess. Skipulaginu er ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær aðgengilegri fyrir ferðamenn sem koma að Borgarvirki. Erindið er lagt fram með fullu samþykki landeiganda. Ína Björk Ársælsdóttir umhverfisstjóri mætti á fundinn og kynnti skipulagslýsinguna.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við sveitastjórn að Minjastofnun Íslands verði heimilað að vinna deiliskipulagið og að skipulagslýsingin verði kynnt almenningi og leitað verði umsagnar Skipulagsstofnunnar og annarra umsagnaraðila um hana.

- 2. Erindi nr. 1511048.** Arinbjörn Jóhannsson, kt. 050356-7469 f.h. Brekkulækjar ehf, kt. 531006-3800 sækir með erindi dags. 20.11.2015 um breytingu á hitakerfi vegna tengingar við hitaveitu.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda.

3. **Erindi nr. 1511050.** Ingimar Sigurðsson, kt. 120269-5779, fh. sjálfseignarstofnunarinnar Hjarðhaga sækir með erindi dags. 21.11.2015, um heimild til niðurrifs íbúðarhússins að Hrafnadal, l.nr. 142198. Hjalagt eru veðbókarvottorð dags. 18.11.2015 og myndir til skýringar.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda. Ráðið vísar málinu að öðru leyti til heilbrigðiseftirlitsins viðvíkjandi útfærslu urðunar hússins og meðferð spilliefna.

4. **Erindi nr. 1511045.** Víglundur Gunnþórsson, kt. 170157-5599 sækir með erindi dags. 24.11.2015 um byggingarleyfi í landi Dæli Víðidal l.nr. 144603. Um er að ræða breytingu á núverandi þjónustuhúsi við tjaldstæði í gistihús samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. 73734 A101-A102 dags. 24.11.2015 frá Braga Þór Haraldssyni frá Stoð ehf.

Skipulags- og umhverfisráð frestar erindi umsækjanda.

5. **Erindi nr. 1510079.** Áður á dagskrá á 259. fundi. Víglundur Gunnþórsson, kt. 170157-5599 sækir með erindi dags. 24.11.2015 um byggingarleyfi í landi Dæli Víðidal l.nr. 144603. Um er að ræða breytingar á innra skipulagi og útliti gamla íbúðarhússins, samkvæmt teikningum nr. 73733 A-101-A-102 dags. 24.11.2015 frá Braga Þór Haraldssyni frá Stoð ehf.

Skipulags- og umhverfisráð frestar erindi umsækjanda.

6. Ólafur Jakobsson lagði fram til kynningar minnisblað um breytingar á ferli skipulags- og byggingaleyfisumsókna.
7. Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1 frá 25. nóv. 2015 lögð fram til kynningar.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur leyfið út þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.**

Fundargerð upplestin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 18:34**

---

Pétur Arnarsson

---

Hallfríður Ósk Ólafsdóttir

---

Guðjón Loftsson

---

Árborg Ragnarsdóttir

---

Ólafur Jakobsson

---

Ragnar Smári Helgason